

Alþingi

nefndasvid@althingi.is

Vallarstræti 8

101 Reykjavík

Reykjavík, 23.05.2022

Tilvísun ÞÍ: 2022051359

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, 163 mál.

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis Velferðarnefndar Alþingis, dags. 20.05. sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, þingskjal 109, 163 mál. Athugasemdir Þjóðskrár fara hér á eftir.

Frumvarpið er í sjálfu sér einfalt í sniðum en með því eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Með frumvarpinu er lagt til að í stað Þjóðskrár Íslands verði Húsnæðis- og mannvirkjastofnun falin verkefni sem varða skráningu og mat fasteigna en stofnunin annast nú þegar fjölmörg verkefni sem varða fasteignir og önnur mannvirki, svo sem umsýslu mannvirkjaskrár, eftirlit með byggingarfulltrúum, brunavarnir og rafmagnseftirlit svo fátt eitt sé nefnt.

Þjóðskrá Íslands tekur undir þau sjónarmið sem lýst er í inngangi greinargerðar með frumvarpinu þ.e. að með þessum breytingum megi ná fram einföldum og samræmingu á umgjörð húsnæðis- og mannvirkjamála í einni stofnun sem ætti að gefa betri yfirsýn yfir húsnæðismarkaðinn og auðvelda þannig stjórnvöldum á hverjum tíma að grípa til markvissari aðgerða til að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði, auk þess að stuðla að betri þjónustu við sveitarfélögin og byggingariðnaðinn auk hagræðingar í ríkisrekstri.

Fyrir Þjóðskrá skapast með þessum breytingum tækifæri til að skilgreina hlutverk sitt með skýrari hætti með skarpari skilum á milli stofnana. Þá geta breytingarnar skapað stofnuninni færi á að takast á hendur ný og veigamikil verkefni.

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

515 5300
skra@skra.is

skra.is

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að frumvarpið hafi óveruleg áhrif á ríkissjóð þar sem um verður að ræða tilfærslu fjármuna á milli stofnana auk tæknilegra útfærsluatriða. Það er rétt en þó hafa þessar breytingar umtalsverðan kostnað í för með sér fyrir Þjóðskrá Íslands á meðan á þeim stendur og ekki hefur verið gert ráð fyrir í rekstri stofnunarinnar á árinu. Það kemur m.a. fram í þörf á mikilli yfirvinnu vegna yfirfærslu þjóðhagslega mikilvægra gagnagrunna á milli stofnananna sem ekki er hægt að framkvæma á dagvinnutíma eða gera nauðsynlegar prófanir á virkni þeirra á sama tíma og þeir eru í fullri notkun auk þess sem Þjóðskrá mun reka þessi kerfi áfram þar til flutningnum er að fullu lokið á meðan sértekjur færast yfir við gildistöku laganna. Þá hægist á öðrum verkefnum á meðan á yfirfærslunni stendur. Þá mun Húsnæðis- og mannvirkjastofnun taka yfir hluta af núverandi húsnæði Þjóðskrár Íslands í tengslum við flutninginn sem leiðir til þess að Þjóðskrá þarf að gera nýja móttöku fyrir þá fjölmörgu sem þangað leita dag hvern.

Starfsfólk Þjóðskrár er reiðubúið að koma á fund nefndarinnar til að skýra umsögnina nánar ef óskað er.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

515 5300
skra@skra.is

skra.is

📍 Fólk 🏠 Fastelgirnir